


Skýringarmynd, bílastæði.



Hluti af staðfestu aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

GREINARGERÐ

Hér er lagt fram deiliskipulag fyrir áningarstað við Söxu í Fjarðabyggð en deiliskipulagið er unnið fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð. Markmið deiliskipulagsins er að gera áningarstað við Söxu þannig úr garði að hann vekji forvitni og áhuga þeirra sem framhjá honum fara. Tilgangur verkefnisins er fyrst og fremst að auðvelda aðgengi og öryggi við ferðamannastaði í Fjarðabyggð og er litið til Söxu sem einn af mörgum áföngum í merkingu ferðamannastaða í Fjarðabyggð.

Saxa er „sjávarhver“ við sjóinn skammt utan við Lönd. Saxa er sérstakt náttúrufríbærni, þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýttist síðan hátt upp í loft í tilkomumiklum brimgosum. Nafnið dregur Saxa af því að inni í henni saxast þönglar og þari í smátt sem þeytast upp með í brimgosunum.

FORSENDUR

Unnið hefur verið að stefnumótun í ferðamállum í atvinnu- og menningarnefnd Fjarðabyggðar. Þar sem ákveðið var að einn af þeim stöðum sem setja þyrfti í forgang í uppbyggingu var Saxa, en mikil gróska hefur verið í ferða- og menningarmálum í sveitarfélaginu. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er deiliskipulagsvæðið skilgreint sem landbúnaðarland.

MINJAR

Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar í nágrenni Söxu. Skráðar voru 11 minjar en um er að ræða landbúnaðarminjar að líkindum flestar frá 18. -20. öld. eru þær skráðar í lista hér fyrir neðan.

Nr	Hlutverk
1	Matjurtagarður
2	Óþekkt
3	Framræsla
4	Matjurtagarður
5	Óþekkt
6	Framræsla
7	Óþekkt
8	Mógröf
9	Mógröf
10	Mótóft
11	Mógröf

Minjunum var almennt ekki talin stafa hætta af framkvæmdum og hefur deiliskipulagið verið aðlagð að minjunum svo þeim verði ekki raskað.

BÍLASTÆÐI

Gert er ráð fyrir 4 megin bílastæðum og rútustæði eða varabílastæði. Við hönnun svæðisins þarf að fylla upp að bílastæðinu því hæðarmismunur þarna er nokkur.

STÍGAR

Unnið er með stiga þannig að aðgengi að Söxu sé þægilegt, stígar og útsýnisstaðir felldir í landið á varfærinn hátt. Stígar eru misbreiðir og útfærðir þannig að þeir mynda hringleið um svæðið frá bílastæðum.

Meðfram stígum er gert ráð fyrir áningarstöðum á tveimur stöðum. Annars vegar niður við sjávargrjótið og hins vegar upp við hamrana. Lega stíga á uppdrætti eru leiðbeinandi og við endanleg hönnun og útfærsla verður unnin í samráði við Náttúrustofu Austurlands.

ÁNINGARSTAÐUR

Innan svæðisins eru áætlaðir fjórir áningarstaðir. Einn er við bílastæðið þar sem verða upplýsingar um svæðið, hjólastæði og bekkir. Tveir áningarstaðir á sitthvorum göngustígnum, sem áning á leið til eða frá útsýnisstað. Þriðji áningarstaðurinn við syðri enda Söxu. Á áningarstöðum er heimilt að smíða útsýnipall allt að 35 m².

UMHVERFISÁHRIF SKIPULAGSTILLÖGU

Greint er frá umhverfisáhrifum skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Nokkur landfylling þarf við bílastæðið en verður það unnið þannig að rask verði sem minnst.

Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem stendur er Saxa illa merkt, upplýsingar um hana litlar og aðgengi að henni er ábótavant. Ákveðin hætta getur skapast þegar fólk reynir að nálgast hana og gengur á hálum sjávaklettum þar sem víða leynast djúpar sprungur. Með því að stýra umferð gesta um svæðið verður hægt að draga verulega úr þessari hætti. Nýtt fyrirkomulag bílastæða þar sem hægt er að koma fyrir rútum mun auka öryggi til muna.

Gerð hefur verið fornleifaskráning á svæðinu og skipulag svæðisins miðar við að rask minja verði sem minnst.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd þann 11.07 2017 og í bæjarstjórn þann 24.07 2017.

Tillagan var auglýst frá 25.05 2017 með athugasemdafresti til 06.07 2017.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

Handwritten signature and official stamp of the Fjarðabyggð Stjórastjórn.

BR.	DAGS.	BREYTING	REKNI.	TELNI.
DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRATTUR				
SKIPULAG:mó. ásk. TEKNIÁÐ:mó. þp SAMÞYKKT			KT. KÓPAVOGUR TEKNI. NR.	
KVARDI: 1.000 VERKNI:			dags. 23.05.2017 00	